

Reykjavík 04. nóvember. 2014

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um úrskurðarnefnd velferðarmála. Þingskjal 233 – 207. mál.

(Lagt fyrir Alþingi á 144. löggjafarþingi 2014–2015.)

Barnaheill – Save the Children á Íslandi fagna framkomnu frumvarpi um stofnun úrskurðarnefndar velferðarmála. Samkvæmt því sem fram kemur í frumvarpinu er ætlunin með ráðstöfuninni að auka hagkvæmni og bæta vinnubrögð með því að sameina sjö úrskurðar- og kærunefndir í eina nefnd. Slík ráðstöfun er til þess fallin að auka réttaröryggi borgaranna og tryggja réttlátari málsmeðferð.

Mörg mál sem úrskurðarnefndin mun fjalla um, munu varða börn með beinum og óbeinum hætti. Mikilvægt er að tryggja að sérfræðipækking sem orðið hefur til í starfi kærunefndar barnaverndarmála glatist ekki við stofnun hinnar nýju nefndar, og því er ánægjulegt að vita til þess að samkvæmt ákvæði I til bráðabirgða skal starfsmönnum sem hafa haft störf fyrir úrskurðar- og kærunefndir að aðalstarfi boðið starf hjá úrskurðarnefnd velferðarmála.

Mikilvægt er að áréttu að börn eru viðkvæmur hópur sem eiga rétt á sérstakri vernd og aðstoð. Við allar ákvarðanir og ráðstafanir á vegum ríkisins, þ.á m. löggjafans og stjórnáslustofnana sem varða börn skal sjónarmiðið um það sem barni er fyrir bestu hafa forgang. Það er því mikilvægt að við ráðstöfun sem þessa, verði tryggt að hún skili þeim árangri að bæta líf og réttarstöðu barna á Íslandi.

Að lokum er vert að minnast á að börn eru einstaklingar með sjálfstæð mannréttindi. Því er mikilvægt að við allar ákvarðanir sem varða börn sé litið til ákvæða barnasáttmála

Sameinuðu þjóðanna sem nú hefur lagagildi á Íslandi. Sérstaklega mikilvægt er að beita greinum 2. (bann við mismunun), 3. (það sem barni er fyrir bestu skal hafa forgang), 6. (réttur til lífs og þroska) og 12. gr. (réttur til þátttöku og að láta skoðanir sínar í ljós) sáttmálans við öll mál sem varða börn með einum eða öðrum hætti. Á þetta við um öll mál hinnar nýju úrskurðarnefndar.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri